

Reykjavík 20. desember 2018

## Borgarráð

Tillaga Miðflokksins um að Borgarráð kalli eftir að forsætisnefnd boði til aukafundar

Miðflokkurinn gerir tillögu um að Borgarráð biðji forsætisnefnd að boða til aukafundar vegna ávirðinga forseta borgarstjórnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur í garð varaborgarfulltrúa Miðflokksins Baldurs Borgþórssonar

### Greinargerð

Þann 19. desember birtir forseti borgarstjórnar Dóra Björt Guðjónsdóttir opinberlega eftirfarandi ummæli:

„Það sem er magnað er að svo birtist frétt unnin úr Facebook-statusi varaborgarfulltrúans Baldurs Borgþórssonar um að meirihlutinn vilji ekki launagagnsæi undir yfirskriftinni “Borgarmeirihlutinn vill ekki birta laun sín”. Uppi stendur hann sem einhver kyndilberi gagnsæis, maðurinn sem reyndi að stela okkar máli - samhliða þeim hreinu rangindum að við hefðum felld tillögu um gagnsæi launa, við sem ákváðum sjálf að birta yfirlit yfir öll laun fleiri mánuðum áður en þessi tillaga kom fram! Það gerðum við alveg án stórra yfirlýsinga og stóryrða og án aðkomu Baldurs Borgþórssonar.“

Þegar athygli mín er vakin á þessu hefur ofangreindri yfirlýsingu þegar verið deilt af fjölda einstaklinga, þar með talið á síðu mína.

Þessum ávirðingum svara ég á vettvangi og fer fram á að þær séu dregnar til baka með sómasamlegum hætti.

Síðla sama dag breytir Dóra Björt yfirlýsingu sinni svohljóðandi:

„Það sem er magnað er að svo birtist frétt unnin úr Facebook-statusi varaborgarfulltrúans Baldurs Borgþórssonar um að meirihlutinn vilji ekki launagagnsæi undir yfirskriftinni “Borgarmeirihlutinn vill ekki birta laun sín”. Uppi stendur hann sem einhver kyndilberi gagnsæis, maðurinn sem var að reyna að eigna sér okkar mál sem var þegar í framkvæmd - samhliða þeim hreinu rangindum að við hefðum felld tillögu um gagnsæi launa, við sem ákváðum sjálf að birta yfirlit yfir öll laun fleiri mánuðum áður en þessi tillaga kom fram! Það gerðum við alveg án stórra yfirlýsinga og stóryrða og án aðkomu Baldurs Borgþórssonar.“

Samhliða svara Dóra Björt beiðni minni um að draga ummælin til baka með sómasamlegum hætti svohljóðandi:

„Baldur Ég sagði aldrei að þú hefðir stolið málið, heldur sagði ég að “það gerðist reglulega að minnihlutinn leggi fram tillögur um hluti sem við erum þegar að gera til að reyna að eigna sér málin og því kom þetta mér ekkert sérstaklega á óvart” - ekki að þú værir að gera þetta, heldur að þetta gerðist reglulega.“

Allt er þetta birt opinberlega.

Skjáskot af öllu ofangreindu liggja fyrir.

**Jafnframt vill undirritaður minna á þær umræður sem undirritaður hóf máls á í lok fundar borgarráðs þann 2. nóvember síðastliðinn, þar sem undirritaður lagði til að gott fordæmi**

**Alþingis gagnvart heildarlaunum og kostnaðargreiðslum alþingismanna yrði tekið upp með sambærilegum hætti hjá Reykjavíkurborg gagnvart borgarfulltrúum.**

**Þeirri tillögu og umleitunum undirritaðs var svarað svo :**

**„Að þess væri engin þörf þar sem hver sem vildi gæti reiknað þetta út eftir leiðbeiningum á heimasíðu Reykjavíkurborgar og að svo hafi verið um árábil.“**

**Undirritaður áréttaði þá að sú leið sem þarna væri bent á væri ekki betri en svo að undirritaður gæti ekki einu sinni reiknað út sín eigin heildarlaun og kostnaðargreiðslur.**

**Í kjölfarið urðu fjörlegar umræður sem enduðu með því að undirritaður setti fram áform sín um að leggja fram tillögu um málið á komandi vikum, enda undirritaður birt sinn eigin launaseðil opinberlega þann 31.okt, eða 2 dögum fyrr.**

**Engar athugasemdir voru gerðar við þetta.**

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða er ljóst að allar ávirðingar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur í garð undirritaðs eru ósannar, hvort heldur sem lítið er til upphaflegrar yfirlýsingar eða þeirrar síðar breyttu.

Að lokum vill undirritaður benda á að undirritaður tilkynnti í fjölmiðlum þann.15.nóvember síðastliðinn að hann hyggðist leggja fyrir borgarstjórn nákvæmlega þá tillögu sem undirritaður síðan lagði fram á fundi borgarstjórnar þann. 18.desember síðastliðinn.

Í millitíðinni hafði Vigdís Hauksdóttir lagt málið fram á fundi forsætisnefndar þann 14. desember síðastliðinn. Inn á sama fund forsætisnefndar barst minnisblað frá skrifstofu borgarstjórnar sem var sett aftast í dagskrá. Á öllum þessum tíma eru aldrei gerðar athugasemdir um að undirritaður sé að reyna að stela verkum annarra, enda hvergi nein gögn lík tillögu undirritaðs að finna.

Undirritaður vill ekki una því að að sitja undir ávirðingum af þessu tagi og fer því fram á að forseti borgarstjórnar Dóra Björt Guðjónsdóttir dragi þær með öllu til baka með formlegri yfirlýsingu sem birt verði á sama vettvangi og þær voru settar fram og samhliða send fjölmiðlum, enda dreifing upphaflegrar yfirlýsingar komin svo víða að ekki dugir minna til. Þar með mun málinu vera lokið af hálfu undirritaðs, enda sáttafús að eðlisfari.

Undirritaður fer fram á að þegar verði boðað til aukafundar hjá forsætisnefnd vegna málsins. Eðli málsins samkvæmt fer undirritaður fram á að forseti borgarstjórnar Dóra Björt Guðjónsdóttir sem jafnframt er formaður forsætisnefndar víki sæti við umfjöllun nefndarinnar um málið.

Baldur Borgþórsson

Varaborgarfulltrúi Miðflokksins